

Miðvikudaginn 29. marz 1933.

Nr. 176/1932. **Réttvísing og valdstjórnin**

(Pétur Magnússon)

gegn

Gísli J. Johnsen og

(Jón Ásbjörnsson)

Réttvísing (Pétur Magnússon)

gegn

Niels Manscher (Lárus Fjeldsted).

Greiðsla til skuldheimtumanns er gjaldþrot skyldi fyrirsjáanlegt. Brot g. 263. gr. hegnl.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 1. ág. 1932: Ákærður, Gísli Jóhannsson Johnsen, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga.

Ákærður, Niels Manscher, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 15 daga.

Fullnustu ídæmdir fangelsisrefsingar skal, að því er ákærðan, Niels Manscher, snertir, frestað og hún falla niður nema ákærður, innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði og sé í því máli dæmdur til þyngri refsingar en sekta.

Ákærður, Gísli J. Johnsen, greiði sjálfur skipuðum talsmanni sínum, Jóni Ásbjörnssyni, hrm., 60 krónur í málskostnaðarlaun.

Ákærður, Niels Manscher, greiði sjálfur skipuðum talsmanni sínum, Lárusi Fjeldsted, hrm., 40 krónur í málsvarnarlaun.

Allan annan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði hinir ákærðu, Gísli Johnsen og Niels Manscher, að $\frac{1}{10}$, hluta báðir fyrir annan og annar fyrir báða. Eftirstöðvarnar, $\frac{9}{10}$ hluta, greiði ákærður, Gísli Johnsen, einn.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Um veðsetninguna á veðdeildarbréfi Dómhildar Jónsdóttur athugast, að ákærði byggði jafnan í

rannsókn málsins heimild sína til þessarar athafnar á því, að verðmæti það, sem í bréfinu falst, hafi ekki verið ofmikil þóknun til hans fyrir unnin störf í þágu eiganda bréfsins. Enda þótt samþykki eiganda bréfsins til þess, að ákærði yrði eigandi að bréfinu eða til veðsetningar þess, væri ekki fengið, þykir þó varhugavert, vegna þessarar skýrslu ákærða, að staðhæfa það, að ákærði hafi veðsett bréfið með þeim ásetningi að auðga sig ólöglega á kostnað eiganda bréfsins. Þykir því verða að sýkna ákærða af ákæru réttvísinnar út af þessu atriði, eins og héraðsdómarinn hefir gert.

Sömuleiðis verður að fallast á það, að héraðsdómarinn hefir sýknað ákærða, Gísla J. Johnsen, af ákærum réttvísinnar út af skuldastofnun hans við h/f Shell á Íslandi á árinu 1930, út af eyðslu hans í eigin þarfir á fé sama félags, út af því að hann færði fasteignir sínar með hækkun verði á efnahagsreikningum sínum 1925 og 1928, svo og að hann er sýknaður af kæru valdstjórnarinnar út af brotum á tollögum.

Ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar til þess að kveða upp áfellsdóm yfir ákærða, Gísla J. Johnsen, um færslur í bókum hans á útistandandi skuldum hans eða veiðarfæra-liðnum, sem í hinum áfrýjaða dómi geinir. Rannsókn um þessi atriði er ábótavant, en með því að mjög virðist tvisýnt, að endurnýjuð rannsókn um þau muni nú eftir svo langan tíma, koma að haldi, þyki ekki gerlegt að fyrirskipa framhaldsrannsókn á þessum atriðum.

Eins og segir í hinum áfrýjaða dómi, var séreign konu ákærða, Gísla J. Johnsens, húseignin Túngata 18 í Reykjavík, færð á efnahagsreikninga hans árin 1927, 1928 og 1929.

Að því leyti, sem efnahagsreikningar þessir voru látnir fylgja skattframtali ákærða, er ekkert við færslurnar að athuga. Þar á móti var það rangt í öðrum samböndum að færa séreignina athugasemda-laust meðal eigna ákærða. Það er upplýst í málinu, að engir aðrir af lánardrottnum ákærða en Íslandsbanki, sem vissi að téð fasteign var séreign konu hans, hafa séð efnahagsreikninga þessa, og að ekki var tilgangurinn að sýna þá öðrum. Það verður því ekki staðhæft að færsla þessi hafi verið gerð í því skyni að blekkja menn. Verður því ekki álitid að ákærði hafi „fært óráðvandlega til“ í bækur sínar með þessu, og ber því að sýkna hann af ákæru fyrir grot gegn 1. málsgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

Þá er loks greiðsla ákærða, Gísla J. Johnsen, í októbermánuði 1930 til firmans H. Benediktsson & Co. Fjárhagsástæður hans voru þá orðnar mjög bágar. Hann virðist hafa skuldað Útvegsbankanum yfir 2300000 krónur, enda vaxtabyrði ákærða talin samkvæmt rekstrarreikningi hans 31. okt. 1929, nema, aðallega af skuldunum við þenna banka yfir 130000 krónur fyrir fyrstu 10 mánuði ársins 1929. Auk skulda sinna við Útvegsbankann virðist ákærði hafa skuldað öðrum yfir 500000 krónur, skuldir, sem að miklu leyti virðast hafa verið fallnar í gjalddaga. En skuldir alls hafa verið milli 2800000 og 2900000 krónur. Samkvæmt rekstrarreikningi fyrir tímabilið 1. jan.—31. okt. 1929 hafa orðið um 260000 króna tap á atvinnurekstri ákærða þenna tíma, og árið 1930 var mjög erfitt öllum útgerðarmönnum hér á landi og eigi síst þeim, er útgerð ráku í Vestmannaeyjum, eins og ákærði gerði aðallega. Versnaði hagur ákærða því stórkostlega

Þessi tvö nefndu ár. Að vísu voru skifti ákærða við Útvegsbankann árið 1930 allt fram í byrjun nóvember mánaðar það ár þannig vaxin, að ákærði mátti af þeim með allmiklum rétti álykta, að bankinn óskaði ekki fyrir sitt leyti að gera ákærða gjaldþrota, en ákærði gat hvorki vænst þess, að allir aðrir lánardrottmar hans mundu veita honum greiðslufrest, né að Útvegsbankinn vildi auka við skuldir ákærða því, sem þurft hefði til þess að greiða hinum lánardrottnum hans, svo að þeir hefðu ekki að honum gengið. Verður af þessum ástæðum að ætla, að ákærði hafi í októbermánuði 1930, er hann greiddi hina umræddu skuld, hlotið að sjá fyrir yfirvofandi gjaldþrot. Þess vegna verður að álita eins og héraðsdómarinn hefir gert, að ákærði hafi með áðurnefndri athöfn gerzt brotlegur við 263. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsingin hæfilega ákveðin 30 daga einfalt fangelsi. En með hliðsjón af því, að verðmæti þau, er ákærði lét af hendi, eru fremur litil í samanburði við eignir og skuldir hans í heild, þykir mega ákveða, að fullnustu refsingarinnar verði frestað samkvæmt lögum nr. 39/1907, og að hún skuli niður falla að fimm árum liðnum, ef skilyrði téðra laga verða haldin.

Héraðsdómarinn hefir réttilega sýknað með ákærða Niels Manscher af refsingu fyrir starfsemi hans í þágu ákærða, Gísla J. Johnsen, að öðru leyti en því, er færslu húseignarinnar Túngötu 18 á efnahagsreikninga ákærða, Gísla, varðar. En af ástæðum þeim, sem áður segir, og nægja þykja til sýknu ákærða, Gísla J. Johnsen, af þessu ákæruatriði, verður og að sýkna ákærða, Niels Manscher, af því.

Samkvæmt framangreindum málsúrslitum verð-

ur, að dæma ákærða, Gísla J. Johnsen, til að greiða allan sakarkostnað í héraði, þar með talin þóknun til skipaðs verjanda hans þar, að undantekinni hinni ákveðnu þóknun til skipaðs verjanda ákærða, Niels Manscher, er greiða skal úr ríkissjóði. Svo ber og að dæma ákærða, Gísla J. Johnsen, til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti og verjanda hans, 300 kr. til hvors. Þó skal úr ríkissjóði greiða málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða, Manschers, fyrir hæstarétti, og eru þau ákveðin 150 kr.

Því dæmist rétt vera :

Ákærði, Gísli J. Johnsen, sæti 30 daga einföldu fangelsi, en fresta skal fullnustu refsingarrinnar samkvæmt lögum nr. 39/1907 og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skil-orð téðra laga verða haldin.

Ákærði, Niels Manscher, á að vera sýkn af ákærum réttvísinnar í máli þessu.

Málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða, Niels Manscher, í héraði og málflutningslaun skipaðs verjanda hans fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmanns, Lárusar Fjeldsted, 150 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Allan annan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiði, ákærði, Gísli J. Johnsen, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda málsins og verjanda síns fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmannanna

Péturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar,
300 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lög-
um.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Gísla Jóhannssyni Johnsen, kaupmanni og útgerðarmanni, Túngötu 18, hér í bænum fyrir brot gegn ákvæðum 26. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og ákvæðum tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911, laga um verðtoll nr. 47, 15. júní 1926 og laga um vörutoll nr. 54, 15. júní 1926, svo og af réttvísinnar hálfu gegn Niels Manscher, endurskoðanda, hér í bæ, fyrir brot á nefndum kapitula hegningarlaganna.

Tildrög máls þessa eru þau, að ákærður, Gísli J. Johnsen, sem rekið hafði viðtæka verzlunar- og útgerðarstarfsemi, framseldi í nóvembermánuði 1930 bú sitt til gjaldþrotaskipta. Eftir að fram hafði farið lögboðin rannsókn út af gjaldþrotunum fyrirskipaði dómsmálaráðuneytið, með bréfi, dags. 21. janúar s. l., að málssókn skyldi höfðuð gegn gjaldþrota út af eftirtöldum ákæruatriðum:

1. að hann veðsetti veðskuldabréf (á að vera veðdeildarbréf), að nafnverði kr. 1000.00, er tilheyrði arfahluta Dómhildar Jónsdóttur, er inni stóð hjá honum, fyrir sínum skuldum í banka.

2. Að hann í október 1930 afhenti H. Benediktsson & Co. tvö skuldabréf, annað að upphæð kr. 4608,57 og hitt að upphæð kr. 12739.35.

3. Að hann eyddi kr. 47045,10 af fé því og vörum, er hann sem umboðsmaður h/f Shell hafði undir hendi, þannig að refsivist kann að vera eftir 262. gr. hinna almennu hegningarlaga.

4. Að hann færði húseignina nr. 18 við Túngötu í Reykjavík, sem með kaupmála, dags. 25. júlí 1927, var gerð að séreign konu hans, frú Ásdísar Johnsen, á efnahagsreikningum sínum.

5. Að hann árin næst á undan gjaldþrotinu bókfærði fasteignir sínar með mun hærra verði, en hann hafði áður gert.

6. Að hann, sem afgreiðslumaður við skipaafgreiðslu lét setja vörur í verzlun sína, er hann greiddi ekki jafnframt toll af.

Ennfremur fyrirskipaði ráðuneytið, að dómur yrði látinn ganga um það, hvort meðákærður, Niels Manscher, sem að nokkru leyti hafði haft bókhald ákærða, Johnsens, með höndum, hafi gerzt brotlegur gegn ákvæðum 26. kap. hegningarlaganna.

Skal nú hér á eftir gerð grein fyrir því, sem komið hefir í ljós við rannsóknina og sannazt, viðvikjandi ofangreindum ákæruatriðum.

I. Gíslí J. Johnsen.

1. Til þess að öðlast skilning á aðdraganda og orsökum gjaldþrotanna er nauðsynlegt að gera grein fyrir efnahag ákærðs um allmörg ár á undan gjaldþrotaskiptunum. Til grundvallar verða lagðir efnahagsreikningar hans eftir 1921, sem fyrir liggja í málinu, en að áreiðanleika þeirra verður síðar vikið. Við samningu reikninganna var meðákærður, Manscher, ákærðum til aðstoðar.

Samkvæmt hinum nefndu efnahagsreikningum var efnahagur ákærðs árið 1922 og síðar, sem hér segir:

31. dez. 1922:	Eignir	kr. 1087828,56
	Skuldir	— 492806,86
	Netto eign	..	kr. 595021,70
31. dez. 1923:	Eignir	kr. 1053893,96
	Skuldir	— 490516,24
	Netto eign	..	kr. 563377,72
31. dez. 1924:	Eignir	kr. 1075143,85
	Skuldir	— 472842,99
	Netto eign	..	kr. 602300,86
31. dez. 1925:	Eignir	kr. 1737576,40
	Skuldir	— 1269746,85
	Netto eign	..	kr. 467829,55

31. dez. 1926:	Eignir	kr.	2364985,70
	Skuldir	—	1953736,16
	Netto eign	..	kr.	411349,54
31. dez. 1927:	Eignir	kr.	2064648,92
	Skuldir	—	1827911,71
	Netto eign	..	kr.	236737,21
31. dez. 1928:	Eignir	kr.	2255552,35
	Skuldir	—	2037755,67
	Netto eign	..	kr.	217796,68
31. okt. 1929:	Skuldir	kr.	2490019,65
	Eignir	—	2419143,92
	Netto skuld	..	kr.	70875,73

Nýrri efnahagsreikningar voru ekki gerðir.

Samkvæmt efnahagsreikningunum hafa brutto skuldir þannig aukizt á þessum árum um sem næst 2 milljónir króna. Skuldaaukningarnar eru mestar á árunum 1925 og 1926. Stafar hækkunin 1925 að miklu leyti af tapi h/f Geir, togarafélagi í Reykjavík. Aðalskuldir ákærða eru eftir 1924 vixilskuldir við Íslandsbanka. Á efnahagsreikningnum 31. október 1929 eru þær taldar kr. 2007741,93. Þá eru veðskuldir kr. 44250,13 og skuldir við aðra skuldheimtumenn kr. 419860,92.

Samtímis skuldaaukningunni eykst og bókfært verð brutto eigna ákærðs. Nemur hækkunin á ofangreindu tímabili (31. dez. 1922 til 31. okt. 1929) um 1400000,00. Mest er hækkunin á árunum 1925 og 1926. Fyrra árið stafar hækkunin aðallega af aukning vörubirgða (220 þús.), úti-standandi skulda (200 þús.), verðbréf (78 þús.) og hækkun á bókfærðu verði fasteigna um kr. 120666,85. Síðara árið (1926) stafar hækkunin einkum af auknum vörubirgðum (um 200 þús.), nýjum eignalið „veiðarfæri í mótorbátum“ (um kr. 88 þús.) og aukningu útistandandi skulda (yfir 200 þús. kr.).

Á árinu 1927 rýrna brutto eignir ákærðs af tveimur orsökum þótt eigi komi það fram á efnahagsreikningi þess árs. Á því ári gerir hann kaupmála við eiginkonu sína, frú Ásdísi Johnsen. Er kaupmálinn dags. 25. júlí 1927 og

skrásettur 5. sept. s. á. Með kaupmálanum er húseignin Túngata 18 gerð að séreign konunnar, ásamt innbúi. Á efnahagsreikningi 31. dez. 1926 er Túngata 18 uppfærð á kr. 139887,47 og á fyrri efnahagsreikningum hafði innbúið verið fært á kr. 30000,00, en það var fært út aftur á efnahagsreikningi pr. 31. dez. 1925. Á árinu 1927 tók einkona hinsvegar að sér að greiða kr. 60000,00 af skuldum ákærðs og tryggði þá upphæð með veði í séreign sinni, Túngötu 18. Nemur því eignalækkunin, sem fram ætti að koma á efnahagsreikningi pr. 31. dez. 1927, af þessum ástæðum, kr. 79887,47. Í öðru lagi gaf og afsalaði ákærður á þessu ári Vestmannaeyjum spítalabyggingu þar, (sbr. rjskj. nr. 21). Hafði hún ekki verið færð á efnahagsreikningi sem fasteign heldur sem viðskiptamaður og fólgin í eignaliðum „Útistandandi skuldir.“ Nam „spítalaskuldin“ 31. dez. 1927 kr. 64433,71 og er innifalin með þeirri upphæð í liðnum „útistandandi skuldir“. Lækkun sú, um 300 þús. kr., sem fram kemur á brutto eignum á efnahagsreikningi 31. dez. 1927 stafar hinsvegar aðallega af minni vörubirgðum (lækkun um 440 þús. kr. á þeim lið. Aftur á móti hækkar eignaliðurinn „veiðarfæri í mótorbátum“ um kr. 47853,51).

Eignahækkunin árið 1928, um 190 þús. kr., stafar einkum af því, að á því ári eykur ákærður bátastól sinn um 3 nýja vélbáta og nemur sú hækkun kr. 124676,90. Ennfremur bætist við ný eign, Roaldseignin á Siglufirði, bókfærð á kr. 90412,79. Loks eru fasteignir í Vestmannaeyjum færðar upp um kr. 65568,46 og afskriftir fyrri ára á þeim og Túngötu 18, sem enn er færð á efnahagsreikningi, færðar til baka, samtals kr. 23301,72. Á þessu ári lækkar hinsvegar eignaliðurinn „Útistandandi skuldir“ um rúmlega 100 þúsund krónur, enda var spítalaskuldin afskrifuð á því ári.

Á árinu 1929 bætist við ný eign, frystivélahús á Siglufirði, fært á kr. 45000,00. Á efnahagsreikningi pr. 31. okt. þ. á. eru og fisk- og sildarbrigðir um 185 þús. kr. hærri en um áramótin á undan. Að öðru leyti eru eignir að mestu leyti hinar sömu og um áramótin.

2. Þrátt fyrir það, að bófært verð á eignum ákærðs hækkar á árunum 1925 og 1926 um það, sem fyrr er skýrt frá, er það sýnt, að á þeim árum hefir fjárhagur hans far-

ið stórum versnandi og að á þeim tíma myndast aðallega skuldir þær, er hann síðar fékk ekki undir risið. Á árinu 1927 eru orðin mjög áberandi vanskil af hálfu ákærðs á greiðslu rekstrarlána og vaxta af fyrra árs skuldum. Er það einkum ljóst af bréfi útbústjóra Íslandsbanka í Vestmannaeyjum til aðalbankans, dags. 15. október þess árs, rskj. nr. 33, en til þess tíma virðist ákærður hafa skipt jöfnum höndum við útbúið og aðalbankann. Gerir útbústjórinn þær tillögur, að bankinn annaðhvort hætti frekari lánveitingum til atvinnureksturs ákærðs eða setji hann ella undir administration. Nokkru síðar voru skuldir ákærðs við útbúið fluttar til aðalbankans. Var þá jafnframt gerður samningur milli ákærðs og aðalbankans um skuldirnar og tryggingar fyrir þeim og greiðsluskilmála. Samningurinn er dags. 23. dez. 1927. Nema víxilskuldirnar þá samtals kr. 1521357,76. Meginhluti víxlanna skyldu verða föst lán, er greiðast áttu með jöfnum afborgunum á 8—12 árum.

Á árinu 1928 fara fram afborganir af víxlum ákærðs í Íslandsbanka í samræmi við samninginn, enda lækka víxilskuldirnar á því ári um ca. 90 þús. kr. Hinsvegar aukast skuldir ákærðs við aðra skuldheimtumenn um kr. 287700,19, upp í kr. 533396,41. En alls hækka skuldir hans á árinu um kr. 209843,96.

Á árinu 1929 verður auðsjáanlega stórfellt tap á atvinnurekstri ákærðs. Á efnahagsreikningi pr. 31. okt. 1929 hafa skuldir hans við Íslandsbanka og „ýmsa skuldheimtumenn“ aukizt frá næstu áramótum á undan um kr. 452263,98, en fisk- og sildarbirgðir eru hinsvegar kr. 185404,92 meiri en um áramótin. Af rskj. nr. 38 og 39, afritum af víxlakonto og víxlavaxtakonto ákærðs við Íslandsbanka, má sjá, að víxilskuldir og víxilvaxtaskuldir ákærðs nema um áramótin 1929—1930 kr. 1779953,61 eða kr. 343234,77 meiru en við næstu áramót á undan.

Þegar hér er komið, er það nú sýnilegt, að ákærður fékk ekki staðið við samninginn frá 23. dez. 1927. Hinn 4. nóv. 1929 ritar hann Íslandsbanka bréf, þar sem hann fer þess á leit, að bankinn samþykkti sölu á fiskimjölsværsmiðju sinni í Vestmannaeyjum til h/f Lýsi og Mjöl, sem tengdasonur ákærðs og börn voru þá að stofna, ásamt verzlunarfultrúa hans og meðákærðum, Manscher. Kaupverðið,

kr. 223000,00, átti að greiðast þannig, að félagið tæki að sér jafnháa upphæð af áhvilandi veðskuldum ákærðs. Ennfremur fer ákærður fram á það, að annað hlutafélag h/f Investment, kaupir hlutabréf hans, og fasteignir að einhverju leyti, fyrir kr. 257000,00, er greiðast á sama hátt. Eftirstöðvar skulda ákærðs við bankann, kr. 1150000,00, hvíli áfram á atvinnurekstri hans en að bankanum beri því aðeins vextir af upphæð þessari, að fyrirtæki hans gefi hag. Ef hagnaður hvers árs hrekkur ekki til greiðslu vaxtanna, falli þeir niður. Lýsir ákærður því yfir, að komist þessi ráðstöfun til framkvæmda skuli hann reka fyrirtæki sitt í fullu samráði við meðákærðan, Manscher, sem verði trúnaðarmaður bankans gagnvart ákærðum.

Salan á verksmiðjunni til h/f Lýsi og Mjöl var samþykkt af bankanum, með þeim kjörum, að vaxtagreiðsla til bankans af skuld þeirri, er félagið tæki að sér, þ. e. kaupverðinu, skyldi ákveðast eftir útkomu á þriggja ára tímabili og falla niður sem tap bankans ef hagnaður félagsins á tímabilinu nægði ekki til greiðslu þeirra. Hið skráða kaupverð, kr. 223000,00 er því alls ekki raunverulegt, þar eð bankinn framvegis átti einn að bera alla áhættu af möguleika félagsins til vaxtagreiðslu.

Salan til h/f Investment fór hinsvegar ekki fram og ekki sést, að bankinn hafi samþykkt önnur tilmæli ókærðs í bréfinu frá 4. nóv. 1929. Þó er um áramót 1929—1930 tekið að færa vexti þá, sem fyrir safnast af víxlum ákærða á sérstaka konto, sem nefnd er 8% vaxtakonto G. J. Johnsen, og er það að vísu í samræmi við tilmæli ákærðs í bréfinu.

Þannig stóðu þá sakir þegar Íslandsbanka var lokað 2. febrúar 1930. Ákærði hélt atvinnurekstri sínum áfram og gerði út báta sína á vetrarvertíðinni, án þess að stofna til nýrra rekstrarlána, enda var kaup verkafólks og sjómanna fyrst greitt í vertíðarlok, en sjálfur var ákærði umboðsmaður fyrir olíusölu h/f Shell í Vestmannaeyjum og stofnaði til skuldar við það félag á árinu, að mestu fyrir úttekna olíu, kr. 47045,10. Eftir að Útvegsbankinn tók til starfa fékk ákærði nýtt víxillán 1. maí 1930, kr. 258000,00, og sendi bankinn þá jafnframt einn starfsmann sinn til Vestmannaeyja til þess að sjá um að láninu yrði aðallega varið til greiðslu vinnukrafna og sjóveðsskulda,

er forgangs nytu. Um sumarið fékk ákærður áframhaldandi rekstrarlán hjá bankanum eftir þörfum og ennfremur fé til þurkhúsbyggingar. Var það hús nærri fullgert, er hann framseldi bú sitt til gjaldþrotaskipta.

Þess skal getið hér að kröfur, er lýst hefir verið í þrotabúið, nema samtals (I A og B og II A) .. kr. 2765598,55 en söluverð eignanna varð — 1111033,25

og verða þá skuldir umfram eignir kr. 1654565,30

Þessa niðurstöðu má þó vitanlega ekki leggja til grundvallar fyrir því, með hvaða verði rétt hefði verið að færa á efnahagsreikningi eignir þær, sem til skipta komu, þar eð nauðungarsala verður að jafnaði óhaganlegri en frjáls sala, ekki sist í slæmu árferði. Þær af eignunum, sem ætla má, að ekki hefðu selzt öllu hærra verði í frjálsri sölu eru:

1. Atvinnustöðin í Vestmannaeyjum, útlögð veðhafa, Útvegsbanka Íslands samkvæmt tilboði kr. 309625,00
2. Verðbréf (hlutabréf) — 228025,00
3. Fiskur og sild, selt með markaðsverði — 143496,64

Hinsvegar varð útlagningarverð bátanna með veiðarfærum aðeins kr. 161700,00 og er það kr. 228855,79 undir verði því, sem þeir eignarliðir eru færðir með á efnahagsreikningi pr. 31. október 1929. Ennfremur seldust húseignir á Siglufirði og íbúðarhús í Vestmannaeyjum undir fasteignamati. Þá seldust og útistandandi skuldir fyrir aðeins kr. 19200,00.

3. Hér að framan hefir verið lýst í aðaldráttum hvernig efnahag ákærðs hefir verið varið um nokkur ár áður en gjaldþrotaskiptin hófust. Bókfærsla ákærðs hefir verið lögð til grundvallar, en eins og fyrr er getið, og nánar verður vikið að síðar, er hún ekki að öllu leyti ábyggileg um þetta efni. Eftir upplýsingum þeim, er fyrir liggja, er erfitt að ákveða með vissu hvenær efnahag ákærðs er svo komið, að hann á ekki lengur fyrir skuldum. Virðist það og ekki skipta miklu máli í því sambandi, sem hér er ræðir, því í jafn stórfelldum og áhættusömum atvinnurekstri og ákærðs, þarf alls ekki að fara saman insolvens og fyrirsjáanlegt gjaldþrot. Hér þarf aðeins að skera úr því, hvort ákærður hafi, á þeim tíma, sem um ræðir í 2.

og 3. ákæruatriðinu hér að framan, séð eða hlotið að sjá að gjaldþrotið vofði yfir.

Af því, sem skýrt hefir verið frá hér að framan, um efnahag ákærðs, virðist mega ráða, að skuldir þær, er á atvinnurekstri hans hvíldu, hafi verið orðnar honum ofviða ekki síðar en 1927. Má draga þá ályktun af því sem síðar kom fram, þótt ekki sé með því sagt að gjaldþrot hafi verið fyrirsjáanlegt á þeim tíma. Á árinu 1927 gerir ákærður tiltölulega hagfelldan samning við aðallánardrottinn sinn, Íslandsbanka, um greiðslu skulda sinna við hann, en þrátt fyrir eftirfarandi góðæri aukast skuldirnar, og á árinu 1929 er fyrirsjáanlegt að ekki getur orðið um vaxtagreiðslur að ræða, enda fer ákærður þá fram á það við bankann, að vaxtagreiðslur megi niður falla í framtíðinni sem tap bankans, ef atvinnurekstur hans gefi ekki nægan hagnað til greiðslu vaxtanna. Möguleiki ákærðs til áframhaldandi atvinnureksturs er eftir þetta bundinn við það, að bankinn styrki hann áfram með nýjum rekstrarlánnum en veiti greiðslufrest á eldri lánunum og vöxtum af þeim. Þegar svo Íslandsbanka var lokað í febrúar 1930 hlaut ákærða að vera það ljóst, að yrði bankinn gerður upp, gæti ekki hjá því farið, að sama gengi yfir atvinnurekstur hans, þar sem útilokað var að hann gæti, eins og þá var komið, fengið stuðning annara lánsstofnana, sem fullnægjandi væri. Ákærða bar því skylda til á þessum tíma að haga gjörðum sínum með yfirvofandi gjaldþrot fyrir augum. Hinsvegar fær rétturinn ekki séð, að honum verði láð það, að hann stöðvaði ekki þá samstundis atvinnurekstur sinn, því ekki er annað upplýst en að á þeim tíma hafi mátt gera ráð fyrir, að hagnaður af útgerð bátanna á þeirri vertíð, er þá þegar var byrjuð, myndi verða meiri en tilkostnaðurinn, enda fyrirsjáanlegt að mikil verðmæti myndu fara í súginn við stöðvun bátanna á þeim tíma. Skuldarstofnunin við h/f Shell verður því ekki talin refsiverð eftir 262. gr. hegningarlaganna, en hvort hún hefir verið refsiverð gagnvart félaginu skiptir ekki máli hér, þar sem það hefir enga refsikröfu gert.

Bankastjórar Útvegsbankans, þeir Jón Ólafsson og Jón Baldvinsson, hafa borið það, sem vitni í málinu, að þeim hafi verið ljóst, þegar er þeir tóku við stjórn bankans, að bankinn myndi biða mikið tap af ákærðum, en að lán-

veitingar til hans á árinu 1930 hafi verið við það miðaðar, að ekki yrði gengið að honum á þeim tíma, sem óhentugt væri fyrir bankann sem skuldheimtumann, að eignunum yrði realiserað. Um fjárveitinguna til þurkúsbýggingarinnar báru bankastjórnirnar það, að sökum óþurka haustið 1930 hafi verið knýjandi nauðsyn á að reisa hús þetta, ella hefði fiskurinn, sem bankinn átti veði í, orðið meira eða minna ónýtur. Kváðu þeir bankastjórnirna ekki hafa gefið ákærðum neina ástæðu til þess að ætla að hún myndi styrkja hann til áframhaldandi reksturs á nýju framleiðslutímabili.

Á sumrinu og um haustið 1930 var orðið fyrirsjáanlegt, að enn myndi verða á því ári stórfellt tap á atvinnurekstrinum. Hlaut ákærðum þá að vera ljóst að gjaldþrot væru óhjákvæmileg nema Útvegsbankinn veitti honum áframhaldandi stórlán, m. a. til greiðslu skulda hans við aðra skuldheimtumenn, en fyrir því hafði hann enga tryggingu. Í októbermánuði 1930 afhenti ákærður firmanu H. Benediktsson & Co í Reykjavík tvö skuldabréf, sem greiðslu upp í skuld hans við firmað, er þá nam samkvæmt höfuðbók hans kr. 18147,92. Var annað skuldabréfið (Valdimars Bjarnasonar) að upphæð kr. 4608,57, en hitt (Magnúsar Jónssonar) að upphæð kr. 12739,35. Siðarnefnda bréfið var tryggt með veði í fasteign en hið fyrrnefnda óveðtryggt. Eins og högum ákærðs var háttað á þeim tíma, er afhendingin fór fram, verður að telja, að hann með greiðslu þessari hafi bakað sér refsíabýrgð samkvæmt 263. gr. hegningarlaga.

4. Eins og fyrr er getið var húseignin Túngata 18 gerð að séreign eiginkonu ákærðs með kaupmála, dags. 25. júlí 1927, og skrásettum 5. sept. s. á. Við gjaldþrotaskiptin taldi ákærður húseignina ekki fram með eignum sínum. Þrátt fyrir kaupmálann færði hann húseignina áfram á efnahagsreikningum sínum pr. 31. dez. 1927, 31. dez. 1928 og 31. okt. 1929 athugasemdalaust sem sína eign. Að visu er veðskuld á húseigninni kr. 60000,00 talin á efnahagsreikningunum með skuldum ákærðs þessi ár, en þar sem húseignin er færð pr. 31. dez. 1927 eignamegin með kr. 139887,47 eru eignirnar oftaldar, af þessari ástæðu, það ár um kr. 79887,47. Og af sömu ástæðu eru eignirnar of taldar árin 1928 og 1929 um kr. 82887,47 hvort árið.

Á efnahagsreikningi pr. 31. dez. 1927 eru „útistandandi skuldir“ ákærðs taldar eignamegin kr. 570065,89. Samkvæmt skýrslu endurskoðenda rískj. nr. 28, nema þær hinsvegar á þessum tíma kr. 451036,14. Stafar skekkjan á efnahagsreikningunum aðallega af því, að ákærður telur „Spítalaskuldina“ kr. 64443,71 með eignunum, en eins og fyrr er getið hafði hann afsalað Vestmannaeyjabæ spítalanum fyrir áramót og átti því að afskrifa skuldina samtímis. Að öðru leyti stafar skekkjan af því, að ákærður hefir fært í bókum sínum ýmsar greinar rekstrar sins sem viðskiptamenn og talið nokkuð af skuldum þessara greina með útistandandi skuldum sínum.

Árið 1928 er „spítalaskuldin“ afskrifuð á höfuðstólsreikningi. (Aðalbók B. bls. 75), þá að upphæð kr. 60831,03 (kr. 67831,03 ÷ „verðbréfi Steind. Sæm.“ kr. 7000,00). Samtímis er bókfært verð fasteigna í Vestmannaeyjum hækkað um kr. 65568,46 og ennfremur eru færðar til baka afskriftir á þeim, sem gerðar höfðu verið á árunum 1923—1925 kr. 21112,60, og afskriftir á Túngötu 18 kr. 2189,12. Samtals nemur hækkunin kr. 88870,18. Á efnahagsreikningnum pr. 31. dez. 1928 er skráð skuldamegin: „Breytingar á bókfærðu verði fasteigna kr. 28039,15“. Reikningurinn gefur því ástæðu til að ætla, að kr. 60831,03 hafi verið varið til eignaaukningar á árinu, en svo er ekki, heldur eru eignirnar hækkaðar í verði um þessa upphæð, án þess að nokkru sé til þeirra varið, og upphæðin síðan notuð til að afskrifa tap, sem kemur fram við það, að önnur eign, sem talin hefir verið í útistandandi skuldum, er látin af hendi án endurgjalds.

Því verur nú ekki neitað, að hinar miklu hækkanir, sem gerðar eru á ýmsum eignaliðum 1925 og síðar og þó einkum misfellur þær, sem að ofan eru nefndar, gefa grun um það, að ákærði hafi haft tilhneigingu til að hækka eignarliðina eftir því sem skuldirnar ukust, í því skyni að fegra efnahaginn. Að því er snertir hækkanir þær, er gerðar voru á bókfærðu verði fasteigna, sbr. 5. ákæruatriðið hér að framan, verður þó ekki talið upplýst, að þar sé um refsiverðar færzslur að ræða. Aftur á móti verður að telja færsluna á Túngötu 18 á efnahagsreikningum 1927—1929 óráðvandlega bókfærzlu, sem refsiverð sé samkvæmt fyrri málsgrein 264. gr. hegningarlagaanna.

5. Skal þá 1. ákæruatriðið athugað, þ. e. veðsetningin á veðdeildarbréfi Dómhildar Jónsdóttur.

Hinn 5. október 1917 var í skiptarétti Vestmannaeyja skipt dánarbúi Jóns hreppstjóra Jónssonar frá Brautarholti milli eftirlifandi ekkju hans og tveggja barna þeirra og var annað þeirra nefnd Dómhildur, sem þá og síðan hefir átt heimili í Ameríku. Í erfðahlut Dómhildar féllu kr. 3869,88, er greiddar voru í peningum. Ákærður veitti arfinum móttöku fyrir hönd Dómhildar, þótt annar maður væri skipaður umboðsmaður hennar við skiptin.

Hinn 1. ágúst 1923 andaðist ekkjan, móðir Dómhildar, og við skipti eftir hana féll í hlut Dómhildar kr. 1638,88. Veitti ákærður þessum arfahlut einnig móttöku, f. h. Dómhildar, en hann var greiddur út þannig til ákærðs: Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands kr. 500,00, hlutabréf í Ísfélagi Vestmannaeyja, virt á kr. 300,00, ofan nefnt veðdeildarbréf að nafnverði kr. 1000,00, virt á kr. 800,00 og í peningum kr. 38,88. Ákærði hafði mestan hluta arfsins frá 1917 í sínum vörzlum til ársins 1927, en á því ári og næstu árum greiddi hann höfuðstólinn og nokkurn hluta vaxta, er við hann höfðu bæzt. Hafði hann alls greitt er bú hans var tekið til skipta kr. 4770,18, eftir því sem Dómhildur eða lögfræðingur hennar í Canada heldur fram, en að sögn ákærða sjálfs um kr. 5000,00. Hlutabréfin í Eimskipafélagi Íslands og Ísfélaginu voru í vörzlum ákærðs í Vestmannaeyjum, en við rannsókn málsins kom í ljós, að veðdeildarbréfið hafði verið veðsett fyrir skuldum ákærðs í Íslandsbanka 20. júní 1929 og var það selt á uppboði í bankanum 27. dez. 1930, áður en upplýst var um hinn rétta eiganda í rannsókninni. Söluverð bréfsins var kr. 800,00.

Meðan á rannsókn máls þessa stóð, og þangað til það var tekið til dóms í réttarhaldi 1. marz s. l. hélt ákærður því jafnan fram, að hann hefði tekið umrætt veðdeildarbréf til sín sem þóknun fyrir umstang sitt í þágu Dómhildar út af arfinum en þó án þess að leita samþykkis hennar. Skipuðum talsmanni sínum skýrði ákærður hinsvegar þannig frá, að bréfið hefði verið veðsett af meðákærðum Manscher, án vitundar sinnar eða vilja. Við framhaldspróf kom það í ljós að Manscher hafði annast veðsetninguna og var bréfið veðsett samtímis öðrum verð-

bréfum, en til þess að veðsetja eignir ákærðs hafði Manscher allsherjarumboð. Við prófin kveðst Manscher ekkert muna sérstaklega viðvikjandi veðstningu veðdeildarbréfsins. Þótt það sé nú grunsamlegt, að ákærður skyldi ekki, þrátt fyrir gefin tilefni, skýra frá því meðan á aðalprófum málsins stóð, að bréfið hefði verið veðsett án vitundar sinnar og vilja og ennfremur að hann gat enga grein gert fyrir því, hvernig á því stóð að bréfið varð viðskila við önnur bréf Dómhildar og komst í vörzlur með ákærðs Manschers, þá þykir þó ekki sannað í málinu, að ákærði hafi tekið undir sig bréfið á þann hátt að refsivert sé eftir 255. gr. hegningarlaganna. Ber því að sýkna hann af þessu ákæruatriði.

6. Að því er loks kemur til 6. ákæruatriðisins þá er það að visu upplýst að vörur voru afhentar úr skipaafgreiðslum þeim, er ákærður veitti forstöðu í Vestmannaeyjum til verzlunar hans sama staðar, og seldir þar, án þess að tollur væri af þeim greiddur. Nam ógreiddur tollur af þessum orsökum, er gjaldþrotaskiptin hófust, kr. 3893,82. En gegn neitun ákærðs er það ekki sannað, að salan né afhendingin hafi farið fram að hans fyrirlagi, enda var hann eins og fyrr er getið, ekki heimilisfastur í Vestmannaeyjum og varð því að eiga framkvæmd atvinnureksturs síns að ýmsu leyti undir öðrum. Ber því að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli.

II. Niels Manscher.

Eins og fyrr hefir verið getið, var ákærður Manscher, sem er endurskoðandi og rekur endurskoðunarskrifstofu hér í bæ, aðstoðarmaður ákærðs Johnsens við bókhald atvinnurekstrar hans frá árinu 1922 til þess er hann varð gjaldþrota. Ennfremur var hann umboðsmaður Johnsens hér í bænum í ýmsu öðru, er atvinnureksturinn snerti og þó einkum sem milligöngumaður í viðskiptum hans við Íslandsbanka.

Sem bókhaldsskyldur atvinnurekandi ber ákærður, Johnsen, nú að sjálfsögðu aðalabyrgðina á rétttri bókfærzlu. En rétturinn verður að álíta að í starfi auglýstra endurskoðenda, sem mikilsvert er að njóti almenns trausts, felist og rík skylda til þess, að haga færzlum hjá atvinnu-

rekendum þeim, er þeir aðstoða, eftir því sem þeir vita að rétt er, og láta hjá líða færzlur, sem þeim er kunnugt um að eru rangar eða villandi, og að þeir geti, sem hlut-takendur bakað sér refsíabyrgð, ef út af er brugðið. Talsmaður ákærða, Manschers, hefir fært það fram, að færzlan á Túngötu 18 á efnahagsreikningum, eftir að hún var gerð að séreign, hafi alls ekki verið gerð í sviksam- legum tilgangi enda efnahagsreikningarnir ætlaðir Ís- landsbanka einum, sem kunnugt hafi verið um kaupmál- ann og hafi því ekki getað blekzt af færzlunni. En upp úr þessu er þó ekki hægt að leggja, þar eð færzla á efna- hagsreikningi bókhaldsskylds manns getur ekki verið bundin við einstaka skuldheimtumenn og refsiverðleikur brots samkvæmt 264. gr. hegningarlaganna er ekki bund- inn við sviksamlegan tilgang né heldur að sannað sé að menn hafi blekkt af reikningunum. Færzlan á Túngötu 18 á efnahagsreikningunum olli því, að þeir gáfu í niður- stöðu rangar upplýsingar um efnahag ákærðs Johnsens, og þykir ákærður, Manscher, að álitu réttarins, með framan- greindri aðstoð við færzlurnar, hafa brotið gegn ákvæð- um 264. gr. 1. mgr. hegningarlaganna, sbr. 48. gr. laganna.

Hinir ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur saka- manna og hafa aldrei sætt hegningu fyrir hegningarla- gabraut.

Brot ákærða, Gísla J. Johnsen, sem lýst er hér að fram- an, heyrir undir 263. gr. og 264. gr. 1. mgr. hinna al- mennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og þykir refsing hans, með hliðsjón af 63. gr. sömu laga hæfilega ákveð- in fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 45 daga.

Brot ákærðs, Niels Manscher, heyrir undir 264. gr. 1. mgr. sbr. 48. gr. framannefndra hegningarlaga og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 15. daga. Með tilliti til þess að hér er um fyrsta brot ákærða að ræða og að það er aðeins hlut- deildarbrott þykir mega ákveða að refsingin skuli vera skilorðsbundin eftir 1. gr. laga nr. 39 frá 1907, að því er hann snertir.

Ákærður, Gísli J. Johnsen, greiði skipuðum talsmanni sínum, Jóni Ásbjörnssyni, hrm., málsvarnarlaun með kr. 60.00.

Ákærður, Niels Manscher, greiði skipuðum talsmanni

sínum, Lárusi Fjeldsted, hrm., málsvarnarlaun með kr. 40.00.

Allan annan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði hinir ákærðu að $\frac{1}{10}$ hluta in solidum, afganginn $\frac{9}{10}$ hluta greiði ákærður, Gisli J. Johnsen, einn. Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Föstudaginn 31. marz 1933.

Nr. 15/1932. **Halldór Stefánsson, f. h. Brunabótafélags Íslands** (Guðm. Ólafsson).

gegn

Jóni J. Eyfirðing (Jón Ásbjörnsson).

Eftirstöðvar brunabótafjár. Endurbygging ekki leyfð.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. dez. 1931: Stefndur, Halldór Stefánsson, f. h. Brunabótafélags Íslands, greiði stefnanda Jóni Ásbjörnssyni, f. h. Jóns J. Eyfirðings 3435 kr. ásamt 5% ársvöxtum frá 24. apríl 1931 til greiðsludags og málskostnað með 200 krónum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Með því að fallast má á greinargerð hins áfrýjaða dóms um málsatvik og skilning á réttararkvæðum þeim, er málið varða, þykir mega staðfesta dóminn.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt að dæma